

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## HULA bs. Skógasandur



<b>Dags eftirlits</b>	5.10.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	HULA bs.	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Hlíðarvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4306972269	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorbjörg Gísladóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	475089,819 332611,967

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða skil á skráningum og magn úrgangs. Ein ábending var sett fram er varðar stöðuna á urðunarstaðnum og urðunarrými sem eftir er.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað byggðasamlagsins Hulu á Skógarsandi. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.1)
3. Skoðunarferð

Á urðunarstaðnum á Skógasandi er heimilt að urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Aðilar að byggðasamlaginu eru sveitarfélögin Rangárþing Eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur en mestmegnis er urðaður þar úrgangur úr Mýrdalshrepp og rekstrarúrgangur úr Rangárþingi Eystra. Árið 2020 voru urðuð rétt rúm 522 tonn af úrgangi sem er umfram heimild urðunarstaðarins og því frávik frá starfsleyfi. Framúrkeyrsla hefur verið á urðunarstaðnum á fjórum af síðustu sex árum. Auk ársins 2020 voru urðuð árið 2019 751 tonn, 2018 537 tonn, 2016 577 tonn og því er um viðvarandi vandamál að ræða og bendir það til þess að þær aðgerðir sem aðilar byggðasamlagsins hafa gripið til, til aðdraga úr magni úrgangs til urðunar, hafa ekki dugað til.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Við komu var hliðið opið, en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var það vegna móttöku á seyru, hliðið væri allajafna lokað. Eitthvað var af dekkjum og raftækjum á urðunarstaðnum en fram kom að það væru raftæki sem týnd hefðu verið upp úr gámum sem þau ættu ekki heima í og þeim yrði komið í réttan farveg við fyrsta tækifæri. Rætt var um verklag við urðun á urðunarstaðnum, ein gryfja er opin í einu og reynt að urða ekki í meiri vindstyrk en 10 m/s til að sporna við foki.

Fram kom að hver gryfja á urðunarstaðnum dygði í 1-2 ár þó erfitt væri að segja nákvæmlega til um það. Staðan nú væri sú að einungis væri pláss fyrir eina gryfju til viðbótar á urðunarstaðnum, miðað við núverandi aðstæður er því möguleiki á að einungis séu 1-3 ár eftir af urðunarrými. Rekstraraðila er því bent á að skoða sem allra fyrst framtíð urðunarstaðarins til að komast megi hjá frávikum.

Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki C sem gerir eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 5.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum voru ekki fullnægjandi.
gr. 1.2 í starfsleyfi, sbr. ákvæði um skyldur rekstraraðila í 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2020 voru urðuð 522 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum sem er umfram heimild starfsleyfis.





## ÁBENDINGAR

Lítið urðunarrými er eftir á urðunarstaðnum og er rekstraraðila því bent á að skoða framtíð urðunarstaðarins sem allra fyrst.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.10.2021



---

Sigríður Magnúsdóttir

